



Morgunblaðið/Andrés Skúlason

Mörg börn það er líf og fjór í barnabænum Djúpvog. Foreldrar hittast í leik við börnin í íþróttamiðstöðinni á hverjum laugardegi. Ófrísku konurnar mæta líka.

Barnabærinn Djúpvogur

Íbúum á Djúpvog fjölgaði mest af öllum sveitarfélögum á Austurlandi á síðasta ári enda virðist barneignaræði hafa gripið unga fólk á staðnum. Ellefu börn komu í heiminn á síðasta ári og áreiðanlegar heimildir herma að a.m.k. átta hafi staðfest komu sína á þessu ári.

Eftir Andrés Skúlason

Frá því fjármálakreppan gekk í garð hefur umræðan gagnvart landsbyggðinni tekið umtalsverðum stakkaskiptum og ekki laust við nú um stundir að það gæti talsvert meiri jákvæðni almennt gagnvart smærri byggðarlögum en áður. Í dag gerir þjóðin sér grein fyrir mikilvægi sjávarbyggðanna þegar þrengrir að og þar finna íbúarnir kamski til meira öryggis en annars staðar á byggðu bóli.

Djúpvogur er ein þeirra sjávarbyggða sem hafa þurft að gíma við tímabundna erfðeika í gegnum ár- in eins og mörg önnur smærri samfélög, en þrátt fyrir mótbyr á stundum hefur þó alltaf ríkt mikill kraftur, hjartarsýni og vilji meðal heimamanna að leita lausna hverju sinni og íbúar því ávallt verið reiðubúnir að takast á við nýjar áskoranir.

Fjölgunin mest á Djúpvog

Það er eitthvað óútskýranlegt að dráttarafl við Djúpvog sem hefur gert það að verkum að þéttbýliskjarninn hefur staðist vel tímans tönn og fólk með. Samkvæmt tölum frá Hagstofnunni fékk að fólk í þéttbýlinu á Djúpvog um 5,9% frá árinu 1997-2007, en það má segja að þau séu að stórum hluta tíma-bilið þegar hið meinta góðári átti sér stað hér á landi og sogkrafturinn á þenslusvæðin var í hámarki. Á sama árabili fékk að reyndar mun meira í flestum í öðrum þéttbýliskjörnum á landinu af sambærilegri stærð og Djúpvogur. Fækkun íbúa í dreifbýli í Djúpvogshreppi varð hinsvegar hlutfallslega mun meiri en í þéttbýlinu og skýrir það um 12% fækkun í sveitarfélaginu öllu á fyrrgreindu tímabili. Á árinu 2008 fjölgaði hinsvegar mest á Djúpvog af öllum sveitarfélögum á Austurlandi, en umtalsverð fækkun varð á flestum öðrum svæðum í fjórðungnum á síðasta ári.



Barnalán Ágústa Arnardóttir og Andrea Kissné Révafvi með ungabörnin allt um kring.

Djúpvogur er barnvænt samfélag og uppeldisaðstöður mjög góðar.

Tvívurur Berglind Elva Gunnlaugsdóttir og Nanna Ósk Jónsdóttir, Nanna gengur með tvíbura.

Á árunum 2006-2008 hafa orðið mjög jákvæð umskipti á Djúpvog, en á þessum síðustu árum hefur umtalsverður fjöldi af ungu fjölskyldufólki fest ráð sitt og hefur jafnhliða fjárfest í íbúðarhúsnæði á staðnum og þá hafa nýbyggingar á íbúðarhúsnæði á Djúpvog einnig litið dagsins ljós eftir nokkur mögurr ár í þeim efnun. Eftirspurn hefur því verið umtalsverð á síðustu árum eftir íbúðarhúsnæði og hefur sveitarfélagið m.a. selt margar íbúðir til bæði einstaklinga og ekki síður til ungs fjölskyldufólks. Í flestum tilvikum er því þannig farið með það unga fólk sem hefur flust á staðinn, að annar eða báðir aðilar eiga rætur til Djúpvogs, þannig að

endurheimtur verða að teljast góðar í þeim efnun.

Í nær öllum tilvikum er hér einnig um að ræða, að unga fólk hefur verið að mennta sig og kemur heim aftur og kys að nýta menntun sína í heimabænum.

Í dag eru nær allar íbúðir í þéttbýlinu setnar og þrátt fyrir almenna niðursveiflu í þjóðfélaginu og kreppuþatal, ríkir hinsvegar almenn hjartarsýni á Djúpvog og ekki síst meðal hinna ungu íbúa sveitarfélagsins.

Leikskólinn nær fullur

Einn af jákvæðum fylgifiskum aukinnar ihlutunar yngra fjölskyldufólks í bænum eru barn-

eignir, en frá og með árinu 2006 hefur barneignum fjölgað mikið á svæðinu og virðist ekkert lát á nema síður sé.

Á árinu 2008 litu 11 nýir Djúpvogsbúar dagsins ljós og það sem af er árinu 2009 segja nokkuð áreiðanlegar heimildir að a.m.k. 8 ungar konur eigi von á sér og er árið þó aðeins rétt að byrja, þannig að enn er nógur tími til að bæta um betur. Nú er svo komið að nýi leikskólinn á Djúpvog sem sumir töldu of stóran þegar ráðist var í byggingu hans fyrir fáeinum árum, er nú um stundir nær fullbokaður. Í leikskólinum er boðið upp á fulla vist fyrir börn frá 1 árs og aðlögun þegar þau ná 11 mánaða aldri.

Á hverjum laugardegi eru leikjartímar í Íþróttamiðstöðinni á Djúpvog þar sem foreldrar mæta og leika við börnin og er engin gjaldtaka fyrir þessa tíma. Leikjartímar eru mjög vel sóttir enda er þessi skemmtilega samverustund auðvitað líka nýtt vel af foreldrum til að hittast og bera saman bætur sínar, svo er oft farið í sundlaugina eftir tíma þar sem er frábráð að staða fyrir alla aldurshópa. Í sundlaugina fá allir 16 ára og yngri með lögheimili í Djúpvogshreppi ókeypis aðgang.

Samantekin ráð?

Síðasta laugardag hittist hluti foreldra barna sem fæddust á síðasta ári í leikjartímanum, sem og mættu óléttar sömuleiðis þ.e. aðrar en þær sem eru þegar komnar með annan fótinn á fæðingardeildina.

Er spurt var af hverju þetta unga fólk hefur kosið að flytja aftur á Djúpvog var það samdána álit að Djúpvogur sé einstaklega barnvænt samfélag og uppeldisaðstöður í alla staði mjög góðar. Atvinnuástand hefur líka verið gott og flestir getað fengið góða vinnu við sitt hæfi.

Þá sé þjónusta einnig almennt í góðu meðallagi í bænum og félags- og menningarlífi í finu standi. Síðast en ekki síst er náttúruferðir mikil í Djúpvog og svo eru frábráð útivistarsvæði og göngufæri við þéttbýlið.

En af hverju þessi kraftur í barn- eignum á Djúpvog, eru þetta samantekin ráð? Nei, það telja viðmælandur úr hópnun ekki, hinsvegar megi kannski segja að það sé ákveðin samstaða um að fjölga í samfélaginu og svo séu þau bara öll mikið fyrir börn og vilja leggja sitt af mörkum til samfélagsins í þessum efnun.

Kraftur í unga fólkinu

Í litlu bæjarfélagi eins og Djúpvog þykir það eðli málsins samkvæmt mjög jákvætt fyrir sveitarfélagið að það skuli vera jafn mikill kraftur í unga fólkinu og raun ber

vitni. Aðspurður segir Björn Hafþór Guðmundsson sveitarstjóri, í ljósi þess hve mikið af ungu fjölskyldufólki hefur flust inn á svæðið á allra síðustu árum, telja að það sýni fyrst og fremst trú þessa hóps á samfélagið sem það vil búa í.

Sveitarstjórn Djúpvogshrepps hefur á síðustu árum haft það efst á stefnuskrá sinni að styðja við og byggja upp öflugt og fjölskylduvænt umhverfi með áherslu á vistvæn og vinalæg gildi og er sífellt verið að vinna að því hvernig megi með sem bestum hætti koma til móts við unga fólk eins og aðra í samfélaginu.

Allar stærstu fjárfestingar í sveitarfélaginu á síðustu árum hafa miðað að því að bæta umhverfi þessa hóps og er ekki annað að sjá en að það hafi með ótvíráðum og jákvæðum hætti skilað sér inn í samfélagið. Frá árinu 2001 hefur m.a. verið byggt upp einsetið skóla- umhverfi, þá hefur verið tekin í nýttu glesileg sundlaug, sparkvöllur og leiksvæði og síðast en ekki síst nýr leikskóli. Nýtt íþróttahús var byggt árið 1994.

Þá hefur sveitarfélagið staðið þétt við bakið á öflugum íþróttastarfi í bænum svo og tónlistarlífi. Má þar nefna að Djúpvogshreppur rekur tónlistarskóla og þar að auki hefur sveitarfélagið nú á að skipa sérmenntuðum tónlistarkennara fyrir leikskólabörn og hefur það mælst afar vel fyrir.

Þá er félagsmiðstöð unglinga vel virk í bænum og hefur ungt listafólk á Djúpvog getið sér gott orð og hið sama má segja um afrek á sviði íþróttar.

VISNAHORN pebl@mbl.is

Af limrúleik og forseta

Jóna Guðmundsdóttir heldur áfram limrúleik sínum á Mögublogginn á nýju ári. Eftir rög forsetans og forsetisráðherrans orti hún:

Tími fitotheita og framfara var fjármálaþullinu samfara. Nú kemur ár með trega og tár og tímabil efnahagshamfara.

Í ritdómi Jóns Ólafssonar um forsetabók Guðjóns Friðrikssonar sagði að ást Guðjóns til forsetans væri rauðu þráðurinn í bókinni. Már Högason bloggvera orti á Mögublogginn:

Hingað leitast hugurinn hjartað á sér leyfðan stað; Guðjón elskar Ólaf sinn; Ætli Dorrit viti það?